

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt.

Reykjavík, 4. febrúar 2019

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu um meðferð ríkisaðstoðarmála.

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin), hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu um meðferð ríkisaðstoðarmála sem birt var á samráðsgátt stjórnarráðsins þann 17. janúar 2019.

Tilfni lagasetningarinnar er, með innleiðingu reglugerða ESB nr. 734/2013 (málsmeðferðarreglugerðin) og nr. 2015/1589, að styrkja heimildir til eftirlits með ríkisaðstoð sem veitt er af opinberum aðilum. Eftirlitsheimildir er nú að finna í samkeppnislögum nr. 44/2005 en vegna umfangs þeirra ákvæða sem nauðsynlegt er að festa í lög vegna upptöku málsmeðferðarreglugerðarinnar í EES samninginn verða ákvæði um meðferð ríkisaðstoðarmála sett í heildstæðan lagabálk, sem mun að einhverju leyti koma í stað þeirra ákvæða sem nú eru í samkeppnislögum.

Markmið regluverksins er að einstök fyrirtæki njóti ekki ótilhlýðilegs samkeppnisforskots á hinum sameiginlega markaði EES sökum opinbers stuðnings. Reglurnar eru því til þess fallnar að styrkja stöðu fyrirtækja gagnvart vörum eða þjónustu samkeppnisaðila sem kynnu ella að njóta ívilnana ef ekki væri fyrir samræmdar reglur um ríkisaðstoð og eftirlit með því. Til þess að ná markmiði sínu gera reglugerðirnar, sem nú á að innleiða, ráð fyrir víðtækum eftirlitsheimildum með ríkisaðstoð til fyrirtækja á EES svæðinu. Af gögnum er fylgja málinu inni á samráðsgátt stjórnvalda má ráða að ekki eigi að setja reglur um aukið eftirlit sem beinist að fyrirtækjum heldur sé einungis verið að styrkja lagastoð fyrir eftirliti sem nú þegar er.

Samtökin fagna markmiði lagasetningarinnar enda mikilvægt að styrkja stöðir heilbrigðrar samkeppni fyrirtækja á svæðinu. Aftur á móti verður ekki horft framhá því að með innleiðingu regluverksins leggjast mjög íþyngjandi skyldur á fyrirtæki á svæðinu hvað varðar upplýsingagjöf. Eftirlitsaðilum verður með lagasetningunni unnt að krefjast markaðsupplýsinga frá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja þegar formleg rannsókn af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hefur verið hafin svo lengi sem upplýsingar sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa veitt á meðan forathugun stendur yfir eru ekki fullnægjandi. Þá verður eftirlitsaðilum heimilað að beita aðfararhæfum sektum og févítu til þess að tryggja að orðið sé við beiðnum um upplýsingar. Ákvörðunum um sektir og févítu verður einungis hægt að skjóta til EFTA-dómstólsins. Íslensk fyrirtæki geta því beinlínis orðið skyldug til þess að senda gögn til eftirlitsaðila að viðlögðum sektum og févítu. Regluverkið tekur þó sérstakt tillit til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og mælir fyrir um að meðalhöfs sé gætt gagnvart þeim bæði við beitingu eftirlitsheimilda og viðurlaga, sjá 3. gr. og 7. gr. aðfararorða reglugerðar nr. 734/2013 og 10. gr. og 14. gr. aðfararorða reglugerðar nr. 2015/1589 og 7. gr. og 3. tl. 8. gr. reglugerðarinnar sjálfrar.

SA leggur áherslu á að við lagasetninguna verði ekki gengið lengra varðandi eftirlit og viðurlög en framangreindar reglugerðir leggjast upp með. Þrátt fyrir verðugt markmið regluverksins geta

Þessar íþyngjandi reglur reynst íslenskum fyrirtækjum illa og komið sérstaklega hart niður á þeim litla markaði sem hér er. Gert er ráð fyrir að reglurnar beinist einkum að stórum fyrirtækjum og leggur SA áherslu á það að skýrt sé af lagatextanum sjálfum að ekki skuli ganga jafnhart fram gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Virðingarfyllst,



Heiðrún Björk Gísladóttir, lögmaður
f.h. Samtaka atvinnulífsins

